

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til bæjarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,205% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,30% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisþarfa greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

Fyrstu 150.000 m³ 46 kr./m³

Þegar notkun einstakra lögaðila fer yfir 150.000 m³ á ári verða gerðir sérsamningar um verð fyrir umframmagn.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	9.335 kr.
20-24 mm	13.151 kr.
25-31 mm	16.547 kr.
32-39 mm	19.768 kr.
40-49 mm	26.442 kr.
50-74 mm	79.455 kr.
75-99 mm	86.095 kr.
100 mm og stærri	92.746 kr.

6. gr.

Heimæðargjald.

<i>Utánmál</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	355.448 kr.	7.604 kr./m
40 mm	461.558 kr.	8.666 kr./m
50 mm	622.482 kr.	9.727 kr./m
63 mm	873.594 kr.	12.024 kr./m
75 mm	1.221.961 kr.	16.793 kr./m
90 mm	1.478.163 kr.	26.519 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi.

7. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2019. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ nr. 1236/2017.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 6. desember 2018.

Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2018